



Ljósmynd: Sigurbjörg Jóhannesdóttir

# Kennslufræði háskóla – viðbótardiplóma fyrir starfandi háskólakennara

## Elva Björg Einarsdóttir, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands

**K**ennslufræði háskóla er 30 eininga viðbótardiplóma á meistarastigi fyrir háskólakennara, stundakennara og doktorsnemendur sem bera ábyrgð á kennslu á háskólastigi. Námsleiðin var stofnuð árið 2010 í samstarfi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (HÍ) og Kennslumiðstöðvar HÍ. Henni er ætlað að styðja við háskólakennara til að sinna kennslu og kennsluþróun af fagmennsku.

Fastráðnir kennarar við HÍ fá styrk til námsins í formi greiðslu skrásetningargjalds auk 40 tíma kennsluafsláttar þegar þeir ljúka fyrsta námskeiðinu, STM105F, Inngangi að kennslufræði háskóla.

Námsleiðin samanstendur af fjórum tíu og fimm eininga námskeiðum:

STM105F Inngangur að kennslufræði háskóla (10 einingar - haust)

STM208F Skipulag og endurskoðun námskeiða (5 einingar – vor, janúar til mars)

STM209F Námsmat og endurgjöf (5 einingar – vor, mars til maí)

KEN004F Kennsluþróun og starfendarannsóknir (10 einingar – haust og vor).

Frá stofnun námsleiðarinnar hafa um 50 háskólakennarar lokið 30 eininga viðbótardiplómu í kennslufræði háskóla (sjá mynd 1) og 120 manns hafa lokið inngangsnámskeiðinu, þar af 108 frá HÍ af öllum fræðasviðum skólans (sjá mynd 2).

Í könnun á viðhorfum þátttakenda til námsins kom fram að þátttakendur sögðu námið efla


sig í kennslu. Þeir hefðu aðra sýn á nemendur og nemendamiðaða kennsluhætti, auk þess sem þeir töldu dýrmætt að geta tekið þátt í þverfræðilegu samtali við aðra þátttakendur í náminu (Ása Björk Stefánsdóttir, 2016).

Skráning í námið er í gegnum skráningarverf Háskóla Íslands og umsóknarfrestur um nám sem hefst að hausti er 15. apríl en 15. október


fyrir vormisserið. Frekari upplýsingar eru á vefsíðu Kennslumiðstöðvar, kemst.hi.is eða í síma 525 4777.

### Heimild:

Ása Björk Stefánsdóttir. (2016). Viðhorf þátttakenda til náms í háskólakennslufræði [óþirt rannsókn].



Mynd 1: Útskrifaðir háskólakennarar með viðbótardiplóma í kennslufræði háskóla, 30 einingar, af Menntavísindasviði Háskóla Íslands



Mynd 2. Fjöldi háskólakennara starfandi við Háskóla Íslands sem hafa lokið námskeiðinu Inngangur að kennslufræði háskóla